

2. gr.

2. málsl. 15. gr. orðist svo: Hópurinn skal skipaður tveimur öldrunarlæknum, hjúkr-unarfræðingi, fulltrúa sveitarfélags, starfsmanni vistunarmats og deildarstjóra öldrunarmála-deildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, sem jafnframt er formaður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 19. gr., sbr. 30 gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 277, 14. júlí 1991, um Fiskveiðasjóð Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 316/1994, falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um leigubifreiðar nr. 224/1995.

1. gr.

Í stað 22 í 3. tl. 1. mgr. 5. gr. komi 23.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1995 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 27. janúar 1997.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.